

18. Gjöld samkvæmt	15. gr.	fjárlaga	. kr.	13 392 206.00	kr.	13 192 665.43
19. — —	16. — A.	—	. —	79 501 732.00	—	76 231 094.23
20. — —	16. — B.	—	. —	19 748 389.00	—	24 895 714.23
21. — —	16. — C.	—	. —	4 403 000.00	—	4 518 721.25
22. — —	16. — D.	—	. —	36 561 664.00	—	36 516 661.08
23. — —	16. — E.	—	. —	8 796 523.00	—	8 327 301.44
24. — —	17. —	—	. —	320 665 129.00	—	319 818 670.78
25. — —	18. —	—	. —	28 447 147.00	—	28 891 258.30
26. — —	19. — 1.	—	. —	302 900 000.00	—	259 807 584.06
27. — —	19. — 2.	—	. —	5 000 000.00	—	5 000 000.00
28. — —	19. — 3.	—	. —	5 000 000.00	—	2 440 275.61
29. — —	19. — 4.	—	. —	6 000 000.00	—	—
30. — —	19. — 5.	—	. —	5 000 000.00	—	8 938 622.59
31. Eignahreyfingar	samkv.	20. gr. fjárlaga	—	117 462 082.00	—	217 791 205.33
Mismunur	—	—	618 758.00	—	50 682 227.32
				kr. 1 501 803 000.00	kr. 1 600 780 649.65	

Gjört að Bessastöðum, 25. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 11. gr. laganna bætist ný málsgr., sem verður 1. málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er kirkjustjórn að ákveða, að fengnum tillögum sóknarnefnda prestakalls og með ráði sóknarprestis og héraðsprófasts, að flytja skuli prestssetur á hentugri stað í prestakalli. Ákvörðun um þetta efni skal birta með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldir e- og f-liður 1. gr. laga nr. 17 20. apríl 1959.

Gjört að Bessastöðum, 27. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.